

wpd Ísland ehf., Dalvegur 30, 201 Kópavogur, Ísland

## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis



wpd Ísland ehf.  
Dalvegur 30  
201 Kópavogur  
Ísland

Reykjavík, 3. maí 2024

**Efni: Umsögn um mál nr. 899 og 900 á 154. löggjafarþingi: Lagafrumvarp um Verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku) & þingsályktunartillaga um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.**

Drög að frumvarpi til laga um vindorku og þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi voru kynnt í janúar 2024. Innihald lagafrumvarps og þingsályktunartillögu sem kynnt voru í lok apríl er að mestu leiti óbreytt efnislega og því vill wpd árétta ábendingar og athugasemdir sínar varðandi frumvarpið og þingsályktunartillöguna. wpd er þýskt orkufyrirtæki sem leggur áherslu á sjálfbæra framleiðslu raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Bremen í Þýskalandi en wpd þróar og rekur vindorku- og sólarorkuver um allan heim.

Mikil eftirspurn er eftir orkuframleiðslu sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa og er wpd nú með rúmlega 19.320 MW í þróun í 31 landi þar sem settar hafa verið upp 2.750 vindmyllur og 6.670 MW af afli í vind- og sólarorku, meðal annars í Finnlandi, Svíþjóð og Kanada. wpd Ísland ehf. er dótturfyrirtæki wpd og er með nokkra vindorkukosti í þróun á Íslandi. wpd hefur kynnt sér málið og vill koma eftirfarandi á framfæri.

### **a-hluti í 2. gr. lagafrumvarps**

Samkvæmt 2. grein í lagafrumvarpinu mun verndar- og orkunýtingaráætlun ná yfir vindorkukosti sem hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira og vindorkumannvirki sem ná yfir 100 metra að hæð í hæstu stöðu. Mikilvægt er að benda á að nánast engar nýjar vindmyllur sem eru undir 100m eru í boði hjá framleiðendum í dag. Hæðartakmörkun þessi getur því leitt til þess að ef þróunaraðilar kjósi að setja upp vindmyllur, til dæmis í þróunar- og tilraunaskyni, undir 10 MW og utan Rammaáætlunar, þá verði gamlar, notaðar vindmyllur fyrir valinu.

Á Íslandi ætti áherslan að vera á nýjar vindmyllur með hagkvæmustu og bestu mögulegu tækni í hvert sinn. Til viðbótar getur hæðartakmörkunin stuðlað að því að færri vindorkuverkefni undir 10 MW rísi á Íslandi og þar með glattækifæri til að tengja smærri vindorkukosti á mismunandi svæðum á Íslandi við dreifi- og flutningskerfið. Smærri vindorkukostir á fleiri stöðum geta stuðlað að stöðugleika og betri álagsstýringu fyrir kerfið í heild. Smærri vatnsaflsvirkjanir hafa t.d. nýst vel á Íslandi og Ísland ætti ekki að draga úr möguleikunum á uppbyggingu á smærri vindorkukostum.

Tekið er fram í greinargerðinni sem að fylgir frumvarpinu að ástæðan fyrir þessari hæðartakmörkun fyrir vindorku er að umhverfisáhrif þessara mannvirkja geti að mörgu leyti verið sambærileg umhverfisáhrifum mannvirkja sem eru yfir lögbundnu uppsettu afli Rammaáætlunar. Vert er að benda á að heildarhæð vindmylla er einn áhrifaþáttur umhverfisáhrifa en heildarfjöldi vindmylla er það líka. Miðað við núverandi frumvarpsdrög væri þannig hægt að setja upp tíu eldri og notaðar vindmyllur, án aðkomu Rammaáætlunar, sem væru rétt undir 100 m hæð og samtals undir 10 MW í uppsettu rafafli. Því þykir sérstakt að takmarka vindorku meira en aðra virkjunarkosti. Umhverfisáhrif vindorkukosta eru að verulegu leyti afturkræfari en umhverfisáhrif annarra virkjunarkosta og vindorkukostir undir 10 MW munu að öllum líkindum ávallt vera skipaðir í umhverfismat af Skipulagsstofnun, fordæmi eru fyrir því á Íslandi.

Þar sem mannvirki á borð við vindmyllur hafa ekki áður sést á Íslandi nema að mjög litlu leyti hafa komið upp hugmyndir um að setja upp eina til tvær vindmyllur í raunhæð áður en að heilt vindorkuver væri reist á svæðinu. Þetta væri gert til að byggja upp reynslu og gefa nærsamfélaginu tækifæri á að mynda sér skoðun á vindmyllunum. Slík tilraunaverkefni væru æskileg til að sýna raunáhrif vindorkukosta áður en að farið er lengra með stærra verkefni. Að taka niður og fjarlægja vindorkukosti með uppsett rafafli undir 10 MW væri einnig talsvert fljótlegra gert að loknum líftíma þeirra.

Því leggur wpd til að ofangreind hæðartakmörk verði endurskoðuð ef það er vilji fyrir því að vindorkuverkefni undir 10 MW með nútíma vindmyllum verði möguleg.

**Í frumvarpinu er ekkert minnst á faglegan stuðning við smærri sveitarfélög né heldur gætt að því að hagsmunir þeirra séu tryggðir.**

Frumvarpið eykur enn frekar á ábyrgð sveitarfélaga í ákvörðunartöku og leiða má af því líkur að þrýstingur muni aukast frá þróunaraðilum vindorkukosta um að taka vindorkukosti út fyrir Rammaáætlun. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinni aðstoð við sveitarfélög og mætti sérstaklega horfa til smærri sveitarfélaga í því samhengi. Gæta þarf þess að staða sveitarfélaga á Íslandi sé sterk í samningsgerð og að sveitarfélög hafi aðgang að faglegri aðstoð til að fyrirbyggja ójafna og mögulega óhagfellda samninga. Við teljum það brýnt að vandað sé til verka og vindorkuvirkjanir skili verðmætum til þeirra sveitarfélaga sem hýsi vindorkukosti og tekjur dreifist með jafnari hætti milli ríkis og sveitarfélaga en verið hefur. Sveitarfélög verða að hafa skýran og skilgreindan ávinning af orkuöflun á sínu landi.

Því er mælt með að rýmka frumvarpsdrög og skilgreina þar með skýrum hætti hvernig staðið væri að samskiptum milli rekstraraðila vindorkuverkefna, sveitarfélaga og ríkisvalds og staða smærri sveitarfélaga tryggð. wpd hefur mörg dæmi um þess háttar fyrirkomulag í löggjöf í ríkjum þar sem fyrirtækið hefur verið með starfsemi.

## **Uppbygging vindorku og jarðalög**

Vert er að vekja athygli á því að í kjölfar breytinga á jarðalögum nr. 81/2004 árið 2020, gerir 10. gr. a laganna þá kröfu að aðilar þurfi að fá leyfi matvælaráðherra til að eignast fasteign, eða rétt til afnota af fasteign, til lengri tíma en sjö ára við ákveðnar aðstæður. Jarðalögin gilda um allar fasteignir utan þéttbýlis og gilda því í raun um öll svæði þar sem vindorkuframleiðsla á landi getur í reynd átt sér stað.

Jarðalög taka mið af heildarstærð fasteignar, sama hversu mikið af henni þú nýtir, hvort sem um leigu á afnotum er að ræða eða beint eignarhald. Framleiðsla á vindorku krefst umtalsverðs landsvæðis, sérstaklega á rannsókarstigi þegar bestu staðsetningar fyrir vindmyllur eru til skoðunar, þótt eiginleg nýting landsins sé ekki mikil og fótspor vindmylla og tengdra innviða sé tiltölulega lítið og útiloki ekki aðra landnotkun á landinu.

Því er mælt með að vindorkuvinnsla fái undanþágu á jarðalögum nr. 81/2004. Annars að leyfisveiting fari í gegnum umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra til þess að aðilar þurfi ekki að sækja um hjá mismunandi ráðuneytum vegna sama vindorkukosts.

## **b-hluti í 2. gr. lagafrumvarps**

Með frumvarpinu og opinberri stefnu stjórnvalda er búið að skilgreina svæði þar sem að uppbygging vindorku er óheimil og mun Rammaáætlun ekki taka til vindorkukosta innan þeirra landsvæða. Stjórnvöld þurfa einnig að setja skýrar reglur og viðmið um vindorku sem gilda á þeim svæðum sem ekki falla þar undir. Þetta eru t.d. reglur og viðmið um lágmarksfjarlægðir vindorkumannvirkja frá öðrum mannvirkjum, svo sem íbúabyggð, vegum, flutningslínnum raforku o.s.frv. Þetta er mikilvægt svo að allir aðilar sem koma að vindorkuverkefnum geti tekið ákvarðanir á föstum grunni. Til að ferlið sé sem skilvirkast þá þurfa leikreglurnar að vera skýrar og vel ígrundaðar.

Það er einnig vert að minnst á að vindorkukostir eru ólíkir öðrum orkukostum þar sem að endanleg stærð, staðsetning, fjöldi og uppröðun vindmylla eru háð niðurstöðum umhverfismats og ítarlegum vindmælingum. Núverandi fyrirkomulag hvetur þróunaraðila til þess að senda eins stóra frumhönnunar útgáfu af vindorkukostunum og mögulegt er inn í Rammaáætlun. Ástæðan er til þess eins að hafa svigrúm til að mæta niðurstöðum umhverfismats og vindmælinga, til minnkunar á umfangi verkefnis sem framkvæmd eru á seinni stigum verkefnaferlisins.

## **Niðurlag**

Vindorka er ólík hefðbundnum orkukostum á Íslandi þar sem að hún er ekki eins staðbundin og vatnsafl og jarðvarmi. Því er jákvætt og nauðsynlegt að verið sé að vinna að sérlögum sem að snúa eingöngu að vindorku. Vindorka mun koma til með að verða þriðja stóra stoðin í orkukerfinu á Íslandi, því ber að vanda til verka við mótun á umgjörð sem að snýr að henni.

wpd hefur áratuga reynslu af því að þróa og reka vindorkuver í mörgum mismunandi löndum og eru aðstæður ólíkar í hverju landi fyrir sig. wpd vill því koma því á framfæri að fyrirtækið er tilbúið að fylgja eftir þeim ábendingum og athugasemdum sem fram hafa komið ásamt því að bjóða fram þekkingu sína og reynslu í von um að hún geti nýst við að móta skýra umgjörð utan um vindorku og stuðla að fjölbreyttari orkuvinnslu á Íslandi.

DocuSigned by:  
*Gísli Gamm*  
28AE753844A7...

f.h. wpd Ísland ehf.  
Gísli Gamm  
Framkvæmdastjóri